



Faghópur 3

Fundargerð 7. fundar

RHA, Akureyri, 18. maí 2009, kl. 9:00

Mætt: Kjartan Ólafsson, Daði Már Kristófersson, Guðmundur Guðmundsson, Hjalti Jóhannesson, Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir og Tómas Þór Tómasson sem skrifaði fundargerð.

Forföll:

Fundarfrásögn

1. **Samþykkt fundargerðar.** Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. **Könnun vegna álvers á Austurlandi.** Hjalti dreifði nokkrum upplýsingum úr úrtakskönnun sem RHA gerði um áhrif og skoðanir almennings vegna álvers á Reyðarfirði vorið 2007. (Afrít fylgir fundargerð á vinnusvæði hópsins á heimasíðu.) Hópurinn velti aðallega fyrir sér þeim upplýsingum sem lesa má úr stöplaritum, t.d. fjarlægðarföllum á Austurlandi. (Sjá kort þar sem svæðaskiptingu er lýst.)
1. **Skýrsla um álver á Bakka.** Einnig var dregin fram skýrsla RHA um mat á umhverfisáhrifum álvers á Bakka sem unnin var fyrir Alcoa. (Álver á Bakka við Húsavík – Mat á samfélagsáhrifum (jan. 2009).)
2. **Umræða um áhrif virkjana og orkuframleiðslu.** Rætt var vítt og breitt um áhrifavæði virkjana, sérstaklega varðandi vinnumarkað. Tími væri kominn til að prófa tiltæk líkön með því að setja inn tölur sem forsendur. Einnig var rætt um að setja fram til viðmiðunar fjölda starfa á hvert framleitt MW af orku. Reyndar yrði tæpast að marka slíka viðmiðun í einstökum tilfellum en til lengri tíma litið gæti hún legið nærri lagi. Þá bæri að líta til þess að áhrif stórra virkjana eru önnur en þeirra smærri. Vert væri að setja inn í lokaskýrslu hópsins að nauðsynlegt sé að líta á virkjunarframkvæmdir og raforkuframleiðslu heildrænt á landsvísi en erfitt sé að taka tillit til þrengri héraðssjónarmiða, t.d. að aðeins skuli nota orku í heimabyggð. Bent t.d. á Skagafjörð þar sem heyrst hafa raddir um að aðeins skuli ráðast í framkvæmdir við Villinganesvirkjun, þar sem framleidd orka nægi fyrir Skagafjörð, fremur en Skatastaðavirkjun, sem framleiðir mun meiri orku. Sama á við um Þjórsársvæðið þar sem litlar forsendur eru fyrir stóriðju sökum hafnleysis, lítils vinnumarkaðar og jafnvel jarðskjálftahættu gagnvart netþjónabúum.
3. **Þróun raforkuverðs.** Jóhannes dreifði frumdrögum af handriti sínu um þróun raforkuverðs á Íslandi 1997-2008. Þar er lýst hvernig raforkumarkaðurinn hefur þróast í samspili orkuverðs til orkufreks iðnaðar og áhrifa á raforkuverð á almennum markaði. Megin ályktun Jóhannesar er að áhrif orkusölu til stóriðju hafi stuðlað að hagstæðara verði til almennings með því að mæta aftloppum í almenna kerfinu. Jóhannes reiknar með að jafnvægi í þessum eignum náist

um árið 2015 en þá mun verðlag á innlenda rafmagnsmarkaðinum ekki lengur njóta orkunotkunar stóriðju.

4. **Kynning frá Landsneti.** Kanna skal möguleika á því að fá kynningu frá Landsneti á rafmagnsflutningskerfi landsins á fundi í Blönduvirkjun 15. júní, þ.á.m. almenna kynningu á rafmagnskerfinu, virkni þess, flutningsgetu og framtíðaráætlanir um útbreiðslu og eflingu næstu 5-10 ár. Annað tveggja að fulltrúi Landsnets komi inn á fundinn eða fulltrúinn verði í fjarfundarsambandi.
5. **Næsti fundur** verður haldinn þann 15. Júní í Blönduvirkjun og er stefnt að því að fundurinn standi frá 11:00-16:00.